

Nd.

### 431. Breytingartillögur

[130. mál]

við frv. til laga um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

1. Við 2. gr. bætist nýr liður, nr. 4, svo hljóðandi:  
Ráðgjöf og fræðslu varðandi þá aðstoð, sem konunni stendur til boða í sambandi við meðgöngu og barnsburð.
2. Við 7. gr. Greinin orðist þannig:  
Fræðsluyfirvöld skulu í samráði við skólafirlækni veita fræðslu um kynlíf og siðfræði kynlífsins á skyldunámsstigi í skólum landsins. Einnig skal veita þessa fræðslu á öðrum námsstigum.
3. Við 9. gr. 1. tl.
  - a. Í stað orðsins „óbærileg“ komi: of erfið.
  - b. Orðið „fátæktar“ í b-lið falli niður.
4. Við 11. gr. 1. málgr. orðist þannig:  
Áður en fóstureyðing má fara fram, verður að liggja fyrir skrifleg rökstudd greinargerð tveggja lækna, eða lækni og félagsráðgjafa sé eingöngu um félagslegar ástæður að ræða, enda sé hann starfandi í viðkomandi heilsugæsluumdæmi. Annar þessara lækna sé sérfræðingur í kvensjúkdómum eða almennum skurðlækningum við það sjúkrahús, þar sem aðgerðin fer fram, en hinn að jafnaði sá læknir eða félagsráðgjafi, sem ráðlagt hefur konunni að leita sjúkrahúss þessara erinda.
5. Við 12. gr. Í stað orðsins „óhlutlægan“ komi: óhlutdrægan.
6. Við 13. gr. 5. tölul. 2. málgr. orðist þannig:  
Hætti kona við aðgerð ber henni að staðfesta þann vilja sinn skriflega. Sé konu synjað um aðgerð á sjúkrahúsi skal henni og þeim, er undir greinargerð rita, tilkynnt það strax skriflega. Getur konan þá tafarlaust leitað þeirra úrræða, sem kveðið er á um í 28. gr., og er þeim, sem undir greinargerð hefur ritað, skylt að aðstoða hana í því.
7. Við 15. gr. Greinin orðist þannig:  
Einungis læknar mega framkvæma fóstureyðingu. Fóstureyðingu má aðeins framkvæma í sjúkrahúsum, þar sem sérfræðingur á sviði kvenlækninga eða sérfræðingur í almennum skurðlækningum starfar og ráðherra hefur viðurkennt í þessu skyni.
8. Við 19. gr. Á eftir orðunum „ástæður fyrir aðgerð“ í 2. málgr. bætist: enda sé hann starfandi í viðkomandi heilsugæsluumdæmi.
9. Við 26. gr. Greinin orðist þannig:  
Heilbrigðisyfirvöldum ber að hafa eftirlit með framkvæmd laganna og sjá um, að á sjúkrahúsum ríkisins sé hægt að framkvæma þær aðgerðir, sem lögin gera ráð fyrir, sbr. þó 15. gr. Stuðla ber að samræmi í framkvæmd þeirra í öllum landshlutum. Þeim, er starfa að framkvæmd laganna, skal veitt fræðsla og leiðbeiningar í því skyni.
10. Við 28. gr.
  - a. Í stað orðanna „skal hann þá“ í 1. málgr. komi: skal hann tafarlaust.
  - b. Á eftir orðunum „3 menn“ í 2. málgr. bætist: og jafnmargir varamenn.